

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 27. mars 2026.

Mál nr. 236/2026:

A

(Rakel Jensdóttir lögmaður)

gegn

velferðarsviði Reykjavíkurborgar

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Nauðungarvistun.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu A um að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um að nauðungarvista A á sjúkrahúsi í allt að 21 sólarhring.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 20. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2026 í málinu nr. L-[...]/2026 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 15. mars 2026 um að nauðungarvista hann á sjúkrahúsi í allt að 21 sólarhring. Kæruheimild er í 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum talsmanni sínum fyrir Landsrétti.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga greiðist úr ríkissjóði þóknun talsmanns sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila fyrir Landsrétti, Rakelar Jensdóttur lögmans, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. mars 2026

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Með kröfu, dagsettri 15. mars 2026 og móttækinni af héraðsdómi 16. mars 2026, krefst sóknaraðili, A, kt. [...] Reykjavík, þess að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 15. mars 2026 síðastliðnum, um vistun hans á sjúkrahúsi í allt að 21 sólarhring. Krafa sóknaraðila er reist á því að skilyrði nauðungarvistunar séu ekki fyrir hendi, sbr. 3. mgr. 19. gr. lögræðis laga nr. 71/1997. Jafnframt krefst sóknaraðili þess að málskostnaður skipaðs talsmanns hans greiðist úr ríkissjóði, sbr. 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga.
2. Varnaraðili krefst þess að ákvörðun sýslumannsins um áframhaldandi nauðungarvistun sóknaraðila verði staðfest.
3. Upphaflega stóð til að þingfesta málið 17. mars 2026 en að beiðni sóknaraðila var því frestað um einn dag. Málið var þingfest 18. mars 2026. Sóknaraðili kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Þá var tekin skýrsla af vitninu B, sérfræðingi í geðlækningum og meðferðarlækni sóknaraðila. Dómari og lögmenn aðila voru sammála að því loknu um að frekari gagnaöflun og vitnaleiðsla væri ekki þörf. Málið var svo flutt munnlega og tekið til úrskurðar að því búnu.

Helstu málsatvik

4. Um málsatvik segir í gögnum málsins að sóknaraðili sé [...] ára gamall maður sem sé menntaður [...] og hafi starfað í þeirri stétt þar til um 2018. Hann sé alinn upp af [...] sinni en móðir hans sé með alvarlegan geðsjúkdóm. Sóknaraðili hafi fyrst legið inni á geðdeild 2015 vegna geðrofs en hafi náð góðum bata og snúið aftur til vinnu. Árið 2019 hafi eiginleg veikindi hans byrjað. Nágrannar hans höfðu tekið eftir veikindum og þegar lögreglu hafi borið að garði hafi hann gert sig líklegan til að hoppa fram af svölum á 3. hæð. Hann hafi legið inni á geðdeild í fimm vikur og síðan útskrifast í eftirfylgd geðrofsteymis Landspítala. Hins vegar hafi hann fljótlega hætt að taka lyf og veikst aftur. Hann hafi verið lagður inn í nóvember sama ár og verið inniliggjandi í fimm mánuði. Í aðdraganda þeirrar innlagnar hafi hann farið nakinn inn hjá nágrönnum sínum undir stjórn ranghugmynda en í íbúðinni hafi þá verið þrjú börn. Sóknaraðili hafi verið lagður inn á nýjan leik árið 2021 en þá hafi aðdragandinn verið svipaður. Hann hafi öskrað á svölunum hjá sér til að framfylgja skipunum radda. Eftir það hafi hann ekki lagst inn í fjögur ár þar til í nóvember 2025 þegar hann fór í tveggja vikna innlögn. Fram kemur í gögnum málsins að aðdragandi núverandi innlagnar hafi verið sá að sóknaraðili hafi mætt á sjúkrahúsið á Kleppi án þess að eiga bókaðan tíma og hafi óskað eftir samtali við geðlækni sinn og sálfræðing. Hann hafi verið í ójafnvægi og hafi hrópað yfir allt að hann væri ekki haldinn geðsjúkdómi. Hann hafi talað um svik og plott og að vitað hefði verið að hann væri ekki með sjúkdóm heldur væri raunverulega verið að fylgjast með honum, verið væri að lesa hugsanir hans og stýra ákvörðunum í gegnum aðra aðila. Þá kvaðst hann hætta að taka lyfin sín og sagði upp þjónustu teymisins. Að kvöldi sama dags hafi nágrannar hans kallað til lögreglu en þá hafi hann staðið út á svölum og öskrað. Lögregla hafi komið ásamt héraðslækni en sóknaraðili hafi talað nær stanslaust, oft kynferðislega á óviðeigandi hátt gagnvart bæði héraðslækni og lögreglu. Sóknaraðili hafi verið metinn í geðrofi og verið nauðungarvistaður og fluttur í handjárnnum á geðdeild 32C.
5. Samkvæmt framlögðu læknisvottorði C, sérfræðings í geðlækningum, dags. 14. mars 2026 er sóknaraðili greindur með geðklofa (F20) sem sé alvarlegur geðsjúkdómur. Þá kemur fram í læknisvottorðinu að enginn vafi leiki á því að sóknaraðili sé í geðrofi og þurfi nauðsynlega á meðferð að halda vegna þess. Hann sé alveg innsæislaus í ástand sitt og ljóst sé að veikindin muni eingöngu versna verði hann ekki stoppaður af og gefin lyf. Sóknaraðili sé mjög kynferðislega óviðeigandi og eigi sögu um að hafa gengið nakinn inn á

börn. Verulega hættu sé því búin að hann brjóti gegn blygðunarkennd fólks í núverandi ástandi. Það sé mat læknisins að nauðungarvistun í 21 dag sé óhjákvæmileg til að meta nánar ástand sóknaraðila og svo hægt sé að veita viðeigandi og nauðsynlega meðferð.

6. Í skýrslu sóknaraðila fyrir dómi kom fram að hann teldi sig ekki veikan og vera með geðklofa enda væri hann ekki með mikið af þeim einkennum sem einkenndu þann sjúkdóm. Hann væri ósammála mati lækna um að hann væri með geðklofa. Sóknaraðili gerði ýmsar athugasemdir við læknisvottorð í gögnum málsins og tók fram að hann teldi sig vera beittan andlegu ofbeldi af starfsfólki sjúkrahússins, sem ætti að vita betur. Ekki telst annars sérstök ástæða til að rekja skýrslu hans frekar eða nánar.
7. Vitnið B, sérfræðingur í geðlækningum og meðferðarlæknir sóknaraðila, gaf skýrslu fyrir dómi. Fram kom að sóknaraðili væri metinn í alvarlegu geðrofi og þyrfti aðstoð á sjúkrahúsi. Fyrirliggjandi læknisvottorð lýsti stöðunni ágætlega. Undir meðferð vitnisins hefði sóknaraðili í viðtali komið fyrir með svipuðum hætti, þ.e. með heyrnarofskynjanir, euforískur í tali og að raddir stýrðu athöfnum hans nema að minna hefði borið á euforíu en meira á pirringi. Hann teldi að fólk, þ.m.t. meðferðaraðilar, vildu sér illt með því að telja hann veikan. Vitnið kvað sóknaraðila hafa þegið lyf í gær, lítinn skammt af geðrofslyfinu olanzapine, að sögn í þágu svefns. Hann væri í þörf fyrir lyfjagjöf og þyrfti að ræða við hann kostina í stöðunni en innlögn hingað til hefði varað stutt og meðferð væri skammt á veg komin. Aðspurð hvort sóknaraðili gæti talist hættulegur sjálfum sér eða öðrum taldi vitnið að hvort tveggja væri ekki hægt að útiloka og lýsti þar nánar atviki á deildinni í núverandi innlögn þar sem sóknaraðili hefði veist að samsjúklingi og atriðum varðandi fyrri geðsögu sóknaraðila sem bent gætu til þess að raddir gætu stýrt honum til sjálfsskaða. Vitnið kvaðst telja áframhaldandi nauðungarvistun óhjákvæmilega og engin vægari úrræði tiltæk í núverandi stöðu. Vitnið staðfesti að hún væri meðferðarlæknir sóknaraðila frá því í gær og hefði hitt hann þá en meðferðarsamband væri í raun ekki komið af stað vegna stuttrar legu hingað til og annarra kringumstæðna. Hún hefði einnig hitt hann á fyrri árum, árið 2019, vegna innlagnar hans þá. Vitnið staðfesti aðspurð að sóknaraðili væri greindur með geðklofa og að hann væri sem stendur í geðrofi og með geðrofseinkenni.
8. Talsmaður sóknaraðila ítrekaði kröfu hans um að ákvörðun sýslumanns um nauðungarvistun sóknaraðila yrði felld úr gildi, auk þess sem krafist væri þóknunar til handa talsmanni sóknaraðila. Eins og fram hefði komið í máli sóknaraðila teldi hann sig ekki veikan og skilyrði nauðungarvistunar samkvæmt 3. mgr., sbr. 2. mgr., 19. gr. lögræðis laga ekki uppfyllt.
9. Lögmaður varnaraðila krafðist þess að kröfu sóknaraðila yrði hafnað og staðfest ákvörðun sýslumanns um áframhaldandi nauðungarvistun sóknaraðila. Um það var vísað til gagna málsins og vættis áður nefnds vitnis.

Niðurstaða:

10. Það er skilyrði þess að unnt sé að nauðungarvista mann á sjúkrahúsi að hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur séu taldar á að svo sé ástatt um hann eða ástand hans sé þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms, sbr. 2. mgr. 19. gr. lögræðis laga. Eigi nauðungarvistun að standa lengur en í 72 klukkustundir og í allt að 21 sólarhring er jafnframt sett það skilyrði að áframhaldandi nauðungarvistun sé óhjákvæmileg að mati læknis, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.
11. Með vísan til ofanritaðs, gagna málsins og vitnisburðar B, sérfræðings í geðlækningum og meðferðarlæknis sóknaraðila, telst nægilega leitt í ljós að sóknaraðili glími nú við alvarlegan geðsjúkdóm, þ.e. geðklofa, og geðrofseinkenni af hans völdum. Sóknaraðili hafi eins og sakir standa ekkert innsæi í það ástand sitt og án viðeigandi meðferðar megi búast við því að sjúkdómsástand hans færi versnandi og að heilsu hans og batamöguleikum yrði teflt í voða. Þá verður að horfa til þess að ekki telst unnt að útiloka að sóknaraðili gæti reynst sjálfum sér eða öðrum hættulegur í núverandi ástandi. Í samræmi við mat áður nefnds vitnis verður ekki talið að við þessar aðstæður dugi önnur eða vægari úrræði en nauðungarvistun til að tryggja heilsu og batahorfur sóknaraðila og um leið að áframhaldandi nauðungarvistun sóknaraðila sé óhjákvæmileg eins og sakir standa.
12. Með velferð sóknaraðila í huga er það niðurstaða dómsins að skilyrði 3. mgr., sbr. 2. mgr. 19. gr. lögræðis laga nr. 71/1997, séu uppfyllt fyrir áframhaldandi nauðungarvistun sóknaraðila í allt að 21

sólarhring frá 15. mars 2026 að telja samkvæmt áðurnefndri ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt þessu er kröfu sóknaraðila um niðurfellingu nauðungarvistunar hafnað og skal ákvörðun sýslumanns standa óhögguð.

13. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 71/1997 ber að greiða úr ríkissjóði allan kostnað af rekstri málsins, þar með talda þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Rakelar Jensdóttur lögmans, sem ákveðin er 222.400 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

14. Finnur Þór Vilhjálmsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, A, kt. [...], um að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 15. mars 2026, um að nauðungarvista hann á sjúkrahúsi í allt að 21 sólarhring.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Rakelar Jensdóttur lögmans, 222.400 krónur.